

Fundur Sundráðs ÍRB 6. mars 2011

Mættir: Sigurbjörg, Ant, Sigurbjör, Falur, Kolbrún, Anna, Júlíus, Hilmar, Guðný, Ása, Guðmunda, Lúlli, Dúna

1. Óvæntir gestir mættu í upphafi fundar.

Reynir, Ása og börn þeirra Róbert Salvar og Ólafur Garðar mættu í upphafi funds og færðu Sundráði ÍRB góðar gjafir meðal annars rafræn talningarspjöld, underwater æfingarklukkur, Swimsense æfingarúr og Powerade dunka að verðmæti um 800.000.- . Sunddeild ÍRB þakkar kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

2. Fara yfir síðustu fundargerð

Farið yfir fundagerð og hún samþykkt.

3. Þjálfarafundur 25. Feb

Á fundinum var meðal annas rætt um fyrirkomulag á ÍM50 og farið var yfir tilgögur okkar um breytingar á fyrirkomulagi á AMÍ og fengu tillögur okkar þar góð viðbrögð.

4. ÍM50 – foreldrafundur 7. mars

Á fundinum verður farið yfir helstu atriði varðandi mótið, gistingu og annað sem því tengist. Farið var yfir hugmyndir að auglýsinguna vegna ÍM50. Ákveðið að birta auglýsinguna í Reykjanesfréttum. Taka þarf myndir af þeim sundmönnum sem náð hafa lámrökum á ÍM fyrir auglýsinguna. Anna tekur það að sér.

5. Formannafundur 10. mars á Akureyri

Falur, Sigurbjörg og Elsie munu fara á formannafund á Akureyri.

6. Páskamótið 28. mars

Þetta móti verður fyrir Sverðfiska og niður. Afrekshópur mun synda 25m sund á þessu móti. Mótið byrjar kl: 18:20 upphitun kl: 18:00

7. Skiltamálin – klára

Flestir styrktaraðilar sem hafa verið með skilti í Vatnaveröld hafa endurnýað samninga við okkur og eitthvað af nýjum aðilum hafa bæst við. Taka á niður skilti Langbests.

8. Velunnari sundsins – klára

Sigurbjörg sér um að koma skjalinu á þjálfara

9. Landsbankamót og uppskeruhátíð

Verður haldið 11. – 13. maí. Lokahóf verður haldið í loks móts. Halda verður foreldrafund fyrir mótið og foreldrar verða að skrá sig í vinnu á einhverja hluta mótsins til að börn þeirra fái að keppa. Búið er að

leggja á 250 kr. gjald á gistingu sem þarf að leggja á mótsgjald. Við þurfum að leita tilboða fyrir verðlaun og mat fyrir mótið og lokahófið.

10. Sumarsund

Búið er að hafa samband við ÍRB. Vegna áhuga á að taka þetta að sér Sigurbjörg tekur að sér að tala við þá þjálfara sem koma til greina.

11. Önnur mál

- a. Sigurbjörg leggur til að sækja um AMÍ 2013 og er það samþykkt.
- b. Sundmönnum sem eru í landsliðsverkefnum er boðið í æfingarbúðir í Englandi. Farið verður sunnudaginn sem AMÍ lýkur. ÍRB leggur áherslu á að farið verði með flugi eins seint og hægt er þann dag ef ekki er hægt að fara á mánudeginu.
- c. Dagsetning á lansdbankamót 2013 verður 10. – 12. maí 2013
- d. Sótt um ferðastyrk til ÍSÍ og við fengum um 70.000
- e. Formenn félaganna fari að funda með þjálfurum vegna samningsmála fyrir næsta tímabils.
- f. Fararstjórar vegna Danmerkurferðar verða Anna, Harpa og Sigurbór. Harpa tekur að sér að vera tengiliður við ferðaskrifstofu og foreldra.
- g. Taka á hópmýnd af sundmönnum okkar og senda þeim sem styrktu gjafirnar sem okkur voru færðar í upphafi funds.

Fundi lokið kl. 21:50

Fundaritari: Hilmar Örn